

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 42/1999 fyrir tannlækningar
veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum.

1. gr.

Við liðinn „*Munn- og kjálkaskurðlækningar*“ í 2. gr. bætast eftirtaldir gjaldskrárliðir í númeraröð eftir því sem við á:

571	Ísetning eins tannplanta	55.000
572	Ísetning tveggja tannplanta	80.000
573	Ísetning þriggja tannplanta	105.000
574	Ísetning fjögurra eða fleiri tannplanta, viðbót frá 573 fyrir hvern	20.000

Við liðinn „*Steypt tanngervi*“ í 2. gr. bætast eftirtaldir gjaldskrárliðir í númeraröð eftir því sem við á:

630	Stök plantakróna úr gulli og/eda postulíni, tannsmíði innifalin	44.000
631	Milliliður eða svifliður í plantabru, tannsmíði innifalin	20.100

Við liðinn „*Heilgóma- og partagerð*“ í 2. gr. bætast eftirtaldir gjaldskrárliðir í númeraröð eftir því sem við á:

706	Heilgómur á tvo tannplanta í neðri gómi, tannsmíði innifalin	86.150
707	Hefðbundinn efri gómur gerður með plantagómi, tannsmíði innifalin	39.685

2. gr.

Á eftir liðnum „*Bitlækningar*“ í 2. gr. bætist nýr liður „*Tannsmíði*“ með eftirtöldum gjaldskrárliðum í númeraröð eftir því sem við á:

Gjaldliðir 941 til 985 gilda um tannsmíðakostnað og efni. Innan sviga eru tilgreindir þeir gjaldliðir í gjaldskrá þessari sem viðkomandi tannsmíði á við.

941	Gull- eða postulínsinnlegg, steyp eða brennd, 1 flötur (601, 605)	7.000
942	Gull- eða postulínsinnlegg, steyp eða brennd, 2 fletir (602, 606)	8.500
943	Gull- eða postulínsinnlegg, steyp/brennd, 3 fletir í fremri tennur (603)	10.800
944	Gull- eða postulínsinnlegg, steyp eða brennd, 3 fletir í jaxl (607)	12.200
945	Gull- eða postulínsálegg, steyp eða brennd, á fremri tennur (604)	11.900
946	Gull- eða postulínsálegg, steyp eða brennd, á jaxl (608)	13.400
947	Hver pinni í gullinnlegg eða -álegg (610)	1.400
948	Gull- eða postulínskróna á fremri tennur (615, 616)	19.000
949	Gull- eða postulínskróna á jaxl (617)	20.600
950	Postulínskróna eða -skel (641)	18.000
951	Hlutakrónur, pinnakrónur o.þ.h	12.100
952	Tannsmíði vegna gjaldliða 645-647, stiftkróna	16.100
953	Steypt röturuppbygging undir krónu (650, 652)	8.000
954	Svifliður (655, 661)	7.300
955	Milliliður (656, 661)	15.900
956	Tveir vængir til festingar á ætufestri brú (660)	3.500
971	Stakur heilgómur (701, 703, 704, 705)	20.100
972	Heilgómasett, efri og neðri heilgómur (702)	38.200
973	Bráðabirgðapartur með 1-3 tönnum (710)	10.400
974	Bráðabirgðapartur með 4-6 tönnum (711)	13.000
975	Bráðabirgðapartur með 7 eða fleiri tönnum (712)	17.200
976	Stálpartur (713, 714)	37.000
977	Fóðrun (relining) á heilgómi, tannparti eða bráðabirgðaparti (721)	6.200
978	Fóðrun (rebasing) á heilgómi (722)	8.200
979	Viðgerð á sprungu í heilgómi (724)	2.100
980	Viðgerð á lausri tönn í heilgómi eða parti (725)	1.700

981	Skipt um brotna tönn í heilgómi eða parti (726)	3.300
982	Hver viðbótartönn umfram 981 (727)	1.100
983	Stækkun á plastparti um eina tönn (729)	3.600
984	Hver viðbótartönn umfram 983 (730)	1.500
985	Aðrar viðgerðir (731, 732, 734-737) greiðist samkvæmt tannsmiðareikningi sem samþykktur skal af TR	

3. gr.

Við 4. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: „Við beitingu á gjaldskrárlíðum 571-574, 630-631 og 706-707 skal þó farið eftir skýringum í fylgiskjali með gjaldskrá þessari.“

4. gr.

Eftirfarandi texti verður fylgiskjal með gjaldskránni:

Skýringar við notkun gjaldskrár fyrir plantameðferð.

Tannlæknum ber að hafa hliðsjón af skýringum þessum við beitingu gjaldskrár.

Plantameðferð.

Almennt:

Í öllum aðgerðarliðum er öll vinna, efni og aðkeyptir plantahlutir innifalið, allt frá fyrstu skoðun sjúklings og umsókn til TR til þess er verki hefur verið skilað endanlega.

571-574 ísetning tannplanta

Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknabréf, umsókn til TR, undirbúningur, mát, mátskeiðar, afsteppur, stýriskinnur, efni og vinna tannsmiðs, sóttvörn og skurðstofubúnaður, aðstoð við aðgerð, aðkeyptir plantahlutir og önnur efnisnotkun, einnota áhöld og slit á áhöldum, deyfing/slæving, skurðaðgerð, ísetning plantarótar og hugsanleg síðari kragaaðgerð, saumur og sáraumbúðir, plantahlutir, saumataka og önnur eftirmeðferð öll, aðlögun og eftirlit til fullra loka verks. Hugsanleg endurtekning á ígræðslu plantaróta, ásamt brottnámi róta er kunna að gefa sig skal vera TR að kostnaðarlausu.

630-631 krónur og brýr

Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknabréf, umsókn til TR, mát, mátskeiðar og afsteppur, aðkeyptir plantahlutir og önnur efnisnotkun, efni og vinna tannsmiðs, festing krónu eða brúar, eftirlit og aðlögun allt til fullra loka verks.

706-707 gómar

Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknabréf, umsókn til TR, undirbúningur, mát, mátskeiðar, afsteppur, efni og vinna tannsmiðs, kúlufestingar á plantarætur (efni og vinna), skil á gómi, aðlögun og eftirlit til fullra loka verksins. Ennfremur er öll fóðrun (eldra) tann-gervis fyrir aðgerð og á græðslutíma eða smíði nýs góms fyrir ígræðslu plantaróta og fóðrun þess ásamt kúlufestum eftir ígræðslu innifalinn. Í tannsmiðahluta verksins, sem er innifalinn í verkhluta og gjaldi tannlæknis, er m.a. innifalið allt efni og vinna við fóðrun og smíði, þ.m.t. aðkeyptar tennur og festingar í plantagóm á móti kúlufestum á plantarót, sendingarkostnaður o.fl. til loka verks.

30. nóvember 1999

2563

Nr. 831

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. nóvember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Vilborg Þ. Hauksdóttir.

22. nóvember 1999

Nr. 832

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 43.000.000 króna vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 22.000 krónur að lágmarki og 220.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 4.300.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um akstursþróttir og aksturskeppni, nr. 386 18. maí 1999, gildir fyrir árið 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. nóvember 1999.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

26. nóvember 1999

Nr. 833

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Rafmagnsveitur ríkisins nr. 122/1992 með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú lætur stjórnarmaður af störfum á skipunartíma og skal ráðherra þá þegar skipa annan mann í hans stað.

2. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 68. gr. orkulaga nr. 58/1967, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. nóvember 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þorgeir Örlygsson.